

Nr. 046 / 13 Krummi KÓ 38***Eldur og sekkur***

Skipaskr.nr. 6651
 Smíðaður: Hafnarfjörður 1980, plast
 Stærð: 5,2 brl. 5,52 bt.
 Mesta lengd: 8,93 m Skráð lengd: 8,47 m
 Breidd: 2,48 m Dýpt: 1,32 m
 Vél: Volvo Penta 118 kW, 1993
 Fjöldi skipverja: 1



Krummi@Fiskifrétir

Gögn:
 Lögregluskýrsla
 Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 14. febrúar 2014 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmari Snorrasyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 13. maí 2013 var Krummi KÓ 38 á strandveiðum SA af Arnarstapa. Veður: N 8-10 m/s og vindalda.

Krummi var að veiðum vestan Snæfellsness fyrir um daginn en sökum vaxandi vinds og öldu sigldi skipstjóri hans suður fyrir Arnarstapa til að fá meira skjól við veiðarnar. Þegar hann kom á veiðislóðina stöðvaði hann bátinn, setti út rekakkeri og færin en þá tók hann eftir því að smávægilegur reykur kom út um öndunartúðu vélarrúmsins. Hann lyfti aðeins vélarrúmshleranum og sá mikinn eld í vélarrúminu og lokaði því aftur.

Kl. 12:14 kallaði skipstjórinn á VHF rás 16 til VSS (Vaktstöðvar siglinga) og tilkynnti að eldur væri laus um borð á stað, 64°40N og 023°33V. Kallað var út til skipa á svæðinu og útkall „Alfa“ gert á þyrilu LHG.

Skipstjórinn fór með tvö slökkvitæki aftur í og eftir að hafa opnað aftur niður í vélarrúmið sprautaði hann úr þeim yfir eldinn þar sem hann taldi hann vera mestan án þess að sjá árangur og lokaði aftur.



Mynd tekin úr TF-LIF af Krumma KÓ á vettvangi

Skipstjórinn á Kló MB 15 heyrði samskiptin og sá til Krumma skammt undan. Hann dró upp færin, tók inn rekakkerið og setti á fulla ferð og var kominn að bátnum 3-4 mín. eftir útkallið. Þá hafði eldurinn teygt sig fram eftir þilfarinu og stökk skipstjóri Krumma á milli bátanna.

Um kl. 13:00 logaði báturinn stafna á milli og þegar TF-LÍF kom á staðinn um kl. 13:30 með slökkviliðsmenn um borð var ljóst að bátnum yrði ekki bjargað.

Skipstjórinn var tekinn um borð í þyluna og fluttur til Reykjavíkur. Skipstjóri Klóar tilkynnti að Krummi hafi sokkið kl. 14:29.

Við rannsókn kom fram:

- að slökkvitækin sem skipstjóri notaði til að reyna að slökkva eldinn voru 5 kg. kolsýrutæki og 6 kg. dufttæki og fullnægir það kröfum fyrir bátinn samkvæmt núgildandi (Norðurlandareglum) reglugerð nr. 592/1994 um eldvarnir. Ekki var gerð krafa um fast slökkvikerfi þar sem báturinn var smíðaður fyrir gildistöku reglnanna þó svo vélarskipti hafi farið fram síðar. Í gr. 1.2 í „Reglum um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum nr. 57/1984“ er gerð krafa um að bátar skuli hafa „búnað, sem vara við eldi“ eftir 1. janúar 1986. Ekki var brunaviðvörðun í bátnum þrátt fyrir þetta ákvæði;
- að skipstjóri sagðist ekki hafa gert sér almennilega grein fyrir hvar eldurinn var mestur en taldi samt að það hafi verið fyrir aftan vélina;
- að eftir að stöðvað var á veiðislóðinni lét skipstjóri vélina ganga áfram þar sem hann sagðist hafa það sem reglu að láta vélina ganga í um 10 mínútur eftir langa keyrslu til að leyfa vélinni að ná niður hita. Hann sagðist ekki hafa stöðvað vélina og gekk hún áfram og hann vissi ekki hvenær hún stöðvaðist;
- að vélin er sex strokka af gerðinni Volvo Penta AD 41 B með hefðbundnu olíuverki bakborðsmegin þar sem háprýstirörin eru leidd upp á vélina að spíssum. Vatnskæld afgangsgreinin er stjórnborðsmegin á vélinni en aftast upp úr greininni er tenging í afgastúrbínu;
- að skipstjórinn sagði að það hafi verið mikill barningur á siglingunni og hann hafi átt fullt í fangi með að halda sér. Hann hafi ekki orðið var við neitt óvanalegt eins og gangtruflun í vél eða truflun á rafmagnsspennu.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.

Nefndin telur með öllu óásættanlegt að báturinn hafi verið án brunaviðvörðunarkerfis og ekki gerðar athugasemdir við það í skoðunum.